

Textílmennt 5. bekkur

Kennarar: Ingunn Elísabet Viktorsdóttir

5

Skólaárið

2025 - 2026.

Helstu námsþættir vetrarins

Í vetur verður lögð rík áhersla á vélsaum og farið stutt í efnisfræði. Nemendur kynnast saumavélinni og læra að þræða hana og stilla. Þeir vinna einfaldar saumavélaæfingar og að því loknu sauma þeir einfalt saumavéla verkefni. Kennsla fer fram með innlögnum í upphafi hverrar lotu og notast verður við verklega- sýni- og einstaklingskennslu.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennt er í fjórum lotum og fær hver nemandi tvær kennslustundir á viku, 60 mínútur í senn.

Námsaðlögun

Nemendur vinna einstaklingslega að verkefnum þar sem komið er til móts við getu hvers og eins.

Námsmat

Leiðsagnarmat, sjálfsmat og lokamat. Kennari metur frammistöðu nemenda í kennslustundum ásamt lykilhæfni þeirra. Að vetri loknum fær hver og einn nemandi umsögn.

Námsgögn

Saumavélahefti, blöð, leiðbeiningar, saumavélar, tvinni, spólur, nálar, skæri, efni, ásamt þeim áhöldum sem nauðsynleg eru við saumskap.